

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. júní 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-14/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 28. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á húsbifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi taki þátt í viðgerðarkostnaði á húsbifreiðinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 1. febrúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 20. febrúar. Með bréfi, dags. 1. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 17. mars. Með bréfi, dags. 20. mars, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og frest til þess til 3. apríl. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu, kemur fram að álitsbeiðandi keypti húsbifreiðina xx-000 af seljanda hinn 9. júní 2012 fyrir kr. 2.300.000. Var bifreiðin af gerðinni Fiat 290 Turbo, fyrst skráð 18. maí 1994 og hafði við kaupin verið ekið 161.000 km. Segir álitsbeiðandi að fljótlega eftir kaupin hafi hún orðið vör við fúkkalykt inni í bifreiðinni og við nánari skoðun hafi komið í ljós að afturhluti bifreiðarinnar var ónýtur vegna raka og hafi einangrun bifreiðarinnar hreinlega verið rennvot. Hafði álitsbeiðandi sambandi við bifreiðasölu þá er hafði milligöngu um kaupin og loks við seljanda sjálfan. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi stungið upp á því að hann endurgreiddi sér kr. 250.000 til kr. 300.000. Ekkert hafi hins vegar orðið af því og af hafi orðið að seljandi hafi samþykkt að álitsbeiðandi framkvæmdi viðgerð á bifreiðinni þar sem það yrði hagstæðara fyrir báða aðila. Í byrjun september sl. hafi bifreiðin verið rifin og seljanda boðið að koma eða senda fulltrúa til að skoða bifreiðina, en það hafi seljandi kosið að gera ekki. Segist álitsbeiðandi því hafa tekið myndir á öllum stigum viðgerðarinnar til að tryggja sönnun. Vinnan við viðgerðina hafi numið um 1-200 tímum og efniskostnaður verið um kr. 100.000. Þegar bið varð á að seljandi greiddi fyrir viðgerðina hafi álitsbeiðandi afráðið að fá bankastofnun til að innheimta kröfuna. Þegar seljandi hafi heldur ekki greitt þá kröfu kveðst álitsbeiðandi hafa haft samband við hann, en honum mun þá hafa snúist hugur um greiðslu fyrir viðgerðina, á þeim forsendum að hann hefði ekki skoðað skemmdirnar sjálfur.

Álitsbeiðandi tekur fram að auk áður nefndra skemmda á bifreiðinni, hafi framhluti bifreiðarinnar einnig verið skemmdur og sést það á því að hægt sé að reka fingur í gegnum klæðningu þar. Þá sé ísskápur í bifreiðinni ónýtur, svo og miðstöð og rafall. Álitsbeiðandi kveðst hins vegar ekki gera kröfur vegna þessara atriða. Segist álitsbeiðandi hafa haft samband við lögfræðing FÍB sem hafi ráðlagt sér að leita til kæruneftndarinnar. Að lokum tekur álitsbeiðandi fram að seljandi hafi ítrekað ráðlagt sér að kveikja í bifreiðinni, þar sem hún væri vel tryggð.

Sem fyrr segir, gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi taki þátt í kostnaði vegna framkvæmdra viðgerða á bifreiðinni, enda sé um leyndan galla að ræða.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er kaupsamningur og afsal vegna bifreiðakaupanna, dags. 9. júní 2012, kvittun fyrir kaupum á tréverki, dags. 26. september 2012, að fjárhæð kr. 69.000 og fernar kvittanir fyrir kaupum á skrúfum og öðru efni, samtals að fjárhæð kr. 18.171.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, rituðum af lögmanni hans, kemur fram að seljandi hafi selt álitsbeiðanda húsbifreiðina xx-000 hinn 9. júní 2012. Fyrir kaupin haf seljandi framkvæmt viðgerð á leka í framhluta bifreiðarinnar. Kaupin hafi farið fram nokkuð seinna en álitsbeiðandi kaus, enda hafi seljandi viljað ljúka við viðgerðina þrátt fyrir mikinn þrýsting álitsbeiðanda um að afhenda bifreiðina sem fyrst. Rétt sé að álitsbeiðandi hafi haft samband við seljanda og sagt honum frá fyrirhugaðri viðgerð á bifreiðinni og boðið honum að koma og skoða viðgerðina, en seljandi mun ekki hafa verið fær um það, þar sem hann var að jafna sig eftir skurðaðgerð, auk þess sem umrædd bifreið var staðsett úti á landi þegar viðgerðin fór fram.

Seljandi segir að álitsbeiðandi hafi vitað af lekavandamáli í bifreiðinni fyrir kaupin en ákveðið engu að síður að festa kaup á bifreiðinni án sérstakrar skoðunar á vandamálinu. Hafi einnig verið leki í afturhluta bifreiðarinnar svo sem álitsbeiðandi heldur fram, þá hafi seljandi ekki vitað af því, enda aðeins átt bifreiðina í um eitt ár. Seljandi kveðst hafa gert við framhluta bifreiðarinnar og talið sig hafa komist fyrir leka þar. Álitsbeiðandi hafi hins vegar haft sérstaka ástæðu til að rannsaka bifreiðina sérstaklega þar sem leki hafði komið upp í framhlutanum en um það hafi henni verið fullkunnugt. Þá bendir seljandi á að um 18 ára gamla bifreið hafi verið að ræða og því hvílt sérstök aðgæsluskylda á álitsbeiðanda og eiginmanni hennar við kaupin, enda ekki hægt að ætlast til þess að ástand bifreiðarinnar væri líkt og hún væri ný.

Þá er tekið fram að fullyrðingar álitsbeiðanda um að seljandi hafi sagt álitsbeiðanda að kveikja í bifreiðinni, séu rangar, sem og fullyrðingar álitsbeiðanda um að seljandi hefði boðist til að greiða henni tiltekna fjárhæðir til baka. Að lokum, með vísan til framangreinds, hafnar seljandi því að honum sé skylt að greiða álitsbeiðanda kostnað vegna viðgerða á umræddri bifreið.

V

Úr gögnum máls

Álitsbeiðandi ritaði ekki eiginlegar athugasemdir við andsvör seljanda en sendi kærunefndinni þess í stað afrit af skoðunarskýrslu þriðja aðila á umræddri húsbifreið, en skoðunarmaðurinn starfaði að eigin sögn áður sem skoðunarmaður tryggingarfélaga í bifreiðatjónum.

Í skýrslunni kemur fram að þriðji aðili hafi skoðað bifreiðina og þær viðgerðir sem áætlaðar voru á henni af hálfu álitsbeiðanda. Kemur fram að álitsbeiðandi hafi fyrst talið að vatn hefði lekið inn með rist sem var bak við ísskáp í bifreiðinni og að það hefði orsakað fúkkalykt í bifreiðinni. Í þessu skyni var ísskápurinn fjarlægður og bifreiðin látin standa opin um tíma til að þorna og lofta út. Þessar aðgerðir hafi hins vegar engin áhrif haft á hina megnu fúkkalykt í bifreiðinni og var því haldið áfram að leita orsaka lyktarinnar.

Hliðar og toppur í bílnum séu þannig samsett að yst er áklæðning. Innan í áklæðningunni sé grind? úr 30 mm trélistum og 30 mm einangrunarplast á milli listanna og innst sé svo þunn krossviðarklæðning með álímdri filmu með viðaráferð. Þegar farið var að hreyfa við klæðningunni í toppnum og hliðunum hafi komið í ljós að mikill raki var á bak við allar klæðningarnar. Þegar skoðunin var framkvæmd höfðu skápar og aðrar innréttingar verið

fjarlægðar úr bifreiðinni og byrjað var að taka frá klæðningar innan á hliðum og neðan úr toppi bifreiðarinnar. Þá hafi komið í ljós að lekið hafði lengi meðfram topplúgu bifreiðarinnar og sennilega einnig meðfram gluggum. Þegar hreyft var við klæðningunni var hún svo morkin og gegnsósa af vatni að hægt var að mylja hana milli fingra. Einangrunin undir klæðningunni var svo gegnsósa af vatni að þegar átt var við hana lak úr henni vatn. Skýrsluhöfundur telur ótrúlegt að klæðningin skyldi enn hanga neðan á toppnum, en ekki hafa fallið niður undan eigin þunga. Klæðning í hliðum bifreiðarinnar var í sama ástandi. Einangrun var gegnblaut og klæðning orðin svört af bleytu og fúa. Filma, sem var með viðaráferð, og límd á þá hlið klæðningarinnar sem snýr inn í bifreiðina hefur komið í veg fyrir að rakaskemmdir og fúi sæist frá þeirri hlið fyrr en átt var við klæðninguna. Skrúfur og hefti sem áttu að halda einingum saman voru ýmist sundurryðgaðar eða við það að detta í sundur. Skýrsluhöfundur telur ljóst að þetta ástand bifreiðarinnar hafi varað lengi, jafnvel nokkur ár, þegar litið sé til þess hve morkin trégrind og klæðning var orðin, auk þess hve skrúfur voru ryðgaðar.

Að mati skýrsluhöfundar var nauðsynlegt að hreinsa allar innréttingar innan úr bifreiðinni innan við álklaðningu og í kjölfarið endurnýja trélistagrind innan á álklaðningunni, skipta um einangrun og klæða síðan nýju grindina að nýju, sem og að þetta meðfram gluggum og topplúgu.

Í gögnum máls var einnig að finna nokkur hreyfimyndaskeið þar sem sjá má ástandið á innréttingu húsbifreiðarinnar og verður ekki annað séð af myndunum en ástand þeirra sé í samræmi við þá lýsingu sem gefin er í áðurnefndri skýrslu.

VI

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunevndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 9. júní 2012 fyrir kr. 2.300.000. Bifreiðin er húsbifreið af gerðinni Fiat 290 Turbo og fyrsti skráningardagur hennar 18. maí 1994. Bifreiðin var því rúmlega 18 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 161.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags, 9. júní 2012, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna, en ekkert hefur komið fram um það í málinu að seljandi hafi verið kunnugt um það ástand bifreiðarinnar sem álitsbeiðandi hefur kvartað undan, fyrir kaupin.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Í málinu liggur fyrir að fljótlega eftir kaupin hafi álitsbeiðandi orðið vör við að mikla fúkkalykt lagði innan úr bifreiðinni, í kjölfarið hafi komið í ljós að klæðning innan í bifreiðinni að aftan var ónýtt, en slíkt mun ekki hafa komið í ljós fyrr en byrjað var að eiga við klæðninguna. Mun álitsbeiðandi eða sambýlismaður hennar hafa framkvæmd viðgerð á klæðningunni í ágúst eða september sl., það er um þremur mánuðum eftir kaupin.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærunefndin telur, að þótt bifreiðin hefði verið skoðuð og metin af óháðum aðila, teljist afar ólíklegt ástand á klæðningu innan í bifreiðinni hefði orðið vart við slíka skoðun. Telur kærunefndin það hafið yfir skynsamlegan vafa að ástand á téðri klæðningu hafi verið orðið afar slæmt þegar kaupsamningur var gerður hinn 9. júní 2012. Ekki verður hins vegar álitid að seljandi hafi verið grandsamur um það en seljandi hefur sjálfur haldið því fram að hann hafi ekki vitað um áðurnefnt ástand klæðningarinnar í andsvörum sínum. Að öllu framangreindu virtu, telur kærunefndin óumflýjanlegt að álita bifreiðina gallaða í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Að mati kæruneftdarinnar verður að líta á kröfu álitseiddanda sem skaðabótakröfu skv. 33. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Kröfunni til stuðnings hefur álitseiddandi lagt fram fjóra reikninga vegna kaupa á efni til viðgerða á klæðningunni, samtals að fjárhæð kr. 69.000. Þá framkvæmdi sambýlismaður álitseiddanda umrædda viðgerð og heldur álitseiddandi fram að viðgerðin hafi tekið um 1-200 tíma án þess að því liggi til grundvallar nokkur gögn. Verður þannig að meta bætur að álitum. Með hliðsjón af þessu er það álit kæruneftdarinnar að bætur til handa álitseiddanda vegna galla á bifreiðinni séu hæfilega áætlaðar kr. 250.000

VI

Álitserð

Seljandi, Y, greiði álitseiddanda X, kr. 250.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir